

REGLUGERÐ

11

31. jan.

um sölu og ráðstöfun á pressugeri, sett samkv. lögum nr. 63 10. des. 1934.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins einni er heimilt að flytja til landsins pressuger.

2. gr.

Áfengisverzlunin selur aðeins brauðgerðarhúsum pressuger til bókunar. — Útvegar verzlunin gerið frá framleiðslulandinu eftir fyrirframpöntunum brauðgerðarhúsa. Verð á pressugeri því, sem þannig er útvegað, skal nema liðlega tilkostnaði við útvegum þess, en verði eigi hjá því komizt, að hafa birgðir hér á landi af pressugeri, er heimilt að selja það ger allt að þriðjungu herra verði.

3. gr.

Brauðgerðarhúsum er óheimilt að selja, gefa eða láta pressuger af hendi, nema leyfi Áfengisverzlunar komi til í hvert sinn.

4. gr.

Nú æskir brauðgerðarhús meira magns af pressugeri en líkur eru til að nægi eðlilegri þörf þess, getur þá forstjóri Áfengisverzlunarinnar dregið úr pöntuninni svo sem honum þykir hæfilegt, en þó getur hlutaðeigandi snúið sér bréflaga til ráðuneytisins, sem þá leggur fullnaðarúrskurð á, hve mikið skuli afgreitt til hlutaðeiganda af þessari vöru.

5. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum laga.

6. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglu-mál.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.